



S. 581 15 15

3 staðir 1 símanúmer

Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6



OPIÐ

ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

HÖFUM OPNAÐ HEILSUHÖF
V/ SUÐURSTRÖND 10 (GAMLI SKÁRI)



Virka daga: 8 - 18
Laugardagar: 10 - 16

sjá nánar á www.facebook.com/Systrasamlagid

- bls. 5
**Deiliskipulags-
tillögum mótmælt**

- bls. 16
**Rammagrein þjónustu-
miðstöðvarinnar**

- bls. 19
Íþróttir

Ljóðaormur í Vesturbænum

- fer á milli leikskóla og grunnskóla



Upphaf ferðar ljóðaormsins. Börnin á leikskólanum Gullborg leggja í hann til leikskólans Sæborgar.

Í tilefni af lestrarhátíðar í Vesturbæ dagana 14. til 17. október nk. ætla leik- og grunnskólar semja sameiginlegan ljóðaorm. Börn frá leikskólanum Gullborg byrjuðu þennan ljóðaorm sem fengið hefur nafnið „Borgin mín - Reykjavík.“ Þessi ljóðaormur hófst í leikskólunum Gullborg þar sem hver deild lagði til tvær línur í ljóðaorminn og afhenti hann síðan næsta leikskóla.

Þegar leikskólarnir hafa allir lagt sitt af mörkum tekur 1. bekkur við og svo koll af kolli upp í tiunda bekk. Borgarbókasafnið mun einnig taka þátt í þessu verkefni með því að setja inn link á heimasíðu og geta allir séð hvar ormurinn er staddur og hvaða

ljóðalínur hafa komið frá börnunum.

Í dag, 10. október verða bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar afhent í Höfða og Bókmenntaborgin og ORT verkefnið bjóða leikskólabörnum á ljóðadagskrá með leikaranum Guðmundi Haraldssyni. Hann flytur ljóðið Örleifur og hvalurinn eftir pólska skáldið Julian Tuwim í leikrænum búningi. Þórarinn Eldjárn endurorti ljóðið. Borgarbókasafn Reykjavíkur býður upp á leikræna hádegisdagskrá sem helguð er ljóðum. Jakob S. Jónsson annast dagskrána og gestir geta gætt sér súpu frá Kryddlegnum hjórtum, sem seld verður á góðu verði. Laugardagar eru barnadag-

ar í Borgarbókasafninu í Gerðubergi og þá er alltaf eitthvað um að vera fyrir börn og fjölskyldur þeirra og sunnudaginn sunnudagur 20. Október eru „Grænmeti og ávextir“ í aðalsafni Borgarbókasafnsins við Tryggvagötu.

Lestrarvika Arion-banka hefst þann 20. október og eru krakkar á öllum aldri hvattir til að lesa og skrá lestur sinn inn á vef bankans. Allir lestrarhestar sem skrá lestur fá viðurkenningu frá bankanum og Eddu útgáfu, en jafnframt verður Lestrarhestur Arion banka valinn. Lestrarvikan stendur til sunnudagsins 27. október nk. Dagskráin er mun viðameiri en hægt er að fylgjast með henni á reykjavik.is.



**PANTADU
Á NETINU**

www.dominos.is sími 58 12345



**Glæsilegur heimilismatur
alla daga frá 10.30 til 20.00**

ALLTAF NÆG, FRÍ BÍLASTÆÐI

FLJÓTT & GOTT UMFERÐAMIÐTÖÐIN
www.fljottoggott.is



**Slökkvitækja-
þjónustan**

☎ 564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur  **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Nautakjötstilboð!

Íslenskt ungnautakjöt

Melabúðin
þín verslun



Sími 551-0224

helgina 10. - 13. október
- meðan birgðir endast



Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík • Sími: 511 1188

Ritstjóri: Geir A. Guðsteinsson, Sími 564 5933, 898 5933

Netfang: geirgudsteinsson@simnet.is

Auglýsingasími: 511 1188 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

10. tbl. 16. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósnúmerum 107 og 101.

S T U T T A R B O R G A R F R É T T I R

Hildur Sverrisdóttir kosin formaður Hverf- isráðs Vesturbæjar

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt á fundi 1. október sl. með 15 samhljóða atkvæðum að taka á dagskrá kosningu í hverfisráð Vesturbæjar. Lagt er til að Vala Ingimarsdóttir taki sæti í hverfisráði Vesturbæjar í stað Gísla Marteins Baldurssonar, Ragnhildur Guðjónsdóttir taki sæti Völu Ingimarsdóttur sem varamaður og að Hildur Sverrisdóttir verði formaður hverfisráðs Vesturbæjar. Tillagan var samþykkt. Einnig var samþykkt með 15 samhljóða atkvæðum að taka á dagskrá kosningu í stjórn Faxaflóahafna. Samþykkt var að Áslaug Friðriksdóttir tæki sæti Gísla Marteins Baldurssonar sem varamaður í stjórninni. Jafnframt var samþykkt að Sveinn H. Skúlason tæki sæti Jörunnar Frimannsdóttur í velferðarráði og að Jarþrúður Ásmundsdóttir tæki sæti Sveins sem varamaður í ráðinu.

Háskaleikur í umferðinni

Það var heldur óvenjuleg sjón sem mætti lögreglumönnum, sem voru við umferðareftirlit í vesturborginni í síðustu viku. Þar mátti sjá fólksbíreið á ferð með kassa úr plasti í eftirdragi, en í kassanum sat ungur piltur. Jafnaldri hans ók bílnum, en hvað þetta uppátæki átti að fyrirstilla skal ósagt látið. Fyrir félaganna var stöðvuð hið snarasta enda málið grafalvarlegt og ljóst að farþeginn var í hættu. Ekki þarf að hafa mörg orð um dómgreindarleysi piltanna, en stutt er síðan annar þeirra var stöðvaður í umferðinni fyrir það sem kalla mætti bjánaskap. Nokkur umferð var um götuna þar sem áðurnefndur háskaleikur fór fram.

Úrskurðarnefnd leyfir gerð bílastæða við Suðurgötu 18

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs borgarinnar 2. október sl. var tekin fyrir kæra, umsögn og úrskurður úrskurðarnefndar vegna Suðurgötu 18. Lagt var fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 31. október 2012 ásamt kæru dags. 29. októ-

ber 2012 þar sem kærð er synjun um leyfi fyrir gerð bílastæða á lóðinni nr. 18 við Suðurgötu. Einnig lögð fram umsögn lögfræði og stjórnsýslu dags. 15. nóvember 2012. Lagður var fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 27. september 2013. Úrskurðarorð: felld er úr gildi ákvörðun borgarráðs frá 4. október 2012 um að synja umsókn um leyfi fyrir gerð bílastæða á lóðinni nr. 18 við Suðurgötu.

Sameining íþróttafélaga?

Á fundi íþrótt- og tómstundaráðs 13. September sl. var tilnefnt í starfshóp með ÍBR vegna félaga til að skoða möguleg áhrif á auknu samstarfi og eða sameiningu íþróttafélaga. Ingvar Sverrisson verður fulltrúi ÍBR, Kjartan Magnússon fulltrúi minnihlutans, Eva Baldursdóttir og Eva Einarsdóttir fulltrúar meirihlutans.

Verðbúð að Geirsgötu 3 breytt í veitingahús

Á afgreiðslufundi bygginga- fulltrúa Reykjavíkurborgar fyrir skömmu var tekið fyrir erindi Sindrífis sem sækir um leyfi til að breyta nýtingu verbúðar í veitingahús í flokki II fyrir 150 gesti, 92 inni, 58 úti, breyta gluggum og hurðum, op í steinsteypa plötu stækkað, reyksháfur lagfærður og gerður nýtanlegur fyrir arinstæði og útigrill. Einnig er sótt um tímabundna opnun frá 2. hæð Geirsgötu nr. 3 inn í hús á lóð nr. 3A-B í húsinu á lóðinni nr. 3 við Geirsgötu. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 16. ágúst 2013 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. sama dag. Umsögn frá burðarvirkishönnuði dags. 13. ágúst 2013 og samþykki Faxaflóahafna og þinglýst yfirlýsing um flótaleið fylgir. Erindið var samþykkt en með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum. Allur frágangur á svæði útveitinga er á ábyrgð umsækjanda og ber honum að sjá til þess að allt rusl sé þrifið jafnóðum og fjarlægt.

Áskilin er lokaúttekt bygginga- fulltrúa og samþykki heilbrigðis- eftirlits.

Fram- og bakhlið tekin úr húsinu

Byggingafulltrúi hefur samþykkt takmarkað byggingaleyfi til að taka fram- og bakhlið hússins að Hverfisgötu 28 úr húsinu þannig að hægt sé að gera upp glugga og burðarvirki, fjarlægja það sem er ónýtt og hefja jarðvinnu og jarðvegskipta undir sökkla og lagnir á lóðinni. Ekki verður unnið við aðra verkþætti en hér eru nefndir. Samþykktin fellur úr gildi við útgáfu á endanlegu byggingarleyfi. Vegna útgáfu á takmörkuðu byggingarleyfi skal umsækjandi hafa samband við yfirverkfræðing embættis byggingafulltrúa.

Skipulag sem stuðlar að lífvænlegri borg

Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins lét bóka á fundi umhverfis- og skipulagsráðs að gert sé ráð fyrir því að á lóð númer 7 við Brautarholt rísi stúdentaíbúðir og þess vegna færri bílum en í venjulegu íbúðarhverfi en hér sér gengið of langt. Auk þess verður að gera ráð fyrir svigrúmi komi til breytinga á nýtingu lóðarinnar í framtíðinni ekki síst vegna staðsetningar hennar og fyrirhugaðrar uppbyggingar á nærliggjandi reitum. Rétt hefði verið að taka tillit til mjög skýrra athugasemda sem bárust við deiliskipulagið. Fulltrúar Besta flokksins, þau Páll Hjaltason, Elsa Hrafnhildur Yeoman og Karl Sigurðsson og fulltrúar Samfylkingarinnar, Hjálmar Sveinsson og Kristín Soffía Jónsdóttir og fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar Græns framboðs, Sóley Tómasdóttir létu bóka: „Borgarbúar eiga fyrst og fremst að geta treyst á skipulag sem stuðlar að lífvænlegri borg, þar sem ólíkum samgönguháttum er gert jafnhátt undir höfði. Það er sannkallað fagnaðarefni að eigendur lóðarinnar telji sig aðeins þurfa 20 bílastæði, þannig er hægt að nýta borgarlandið og fjármuni í annað og þarfara en einkabílinn sem liður engan skort í Reykjavík í dag.“ Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Gísli Marteinn Baldurson og Hildur Sverrisdóttir létu bóka: „Það er fagnaðarefni að nú liggi fyrir skipulag að nýjum íbúðareiningum fyrir stúdenta í miðborginni. Brýn þörf er fyrir fleiri íbúðir og herbergi fyrir stúdenta í Reykjavík, en talið er að um 1100 íbúðareiningar fyrir stúdenta vanti í borgina til að uppfylla eftirspurn. Þau 98 herbergi sem hér eru samþykkt verða kærkomin viðbót við það takmarkaða framboð sem þegar er fyrir hendi.“

Geir A. Guðsteinsson

Athöfn
ÚTFARARÞJÓNUSTA

Vönduð og persónuleg
þjónusta

Sími: 551 7080 & 691 0919

ATHÖFN ÚTFARARÞJÓNUSTA - athofn@athofn.is - www.athofn.is



Inger Steinsson



Inger Rós Ólafsdóttir

HÁGÆÐI.IS
HÚSAVIÐGERÐIR.IS
FLÍSALAGNIR.IS



100% endurgreiddur vsk af vinnu

Sími: 565-7070

Vesturbæingar



Kannski verða fuglabúrin á Hofsvallagötunni eftir allt saman skjól fyrir smáfuglana!



Velkomin í Íslandsbanka á Eiðistorgi

Við bjóðum í kaffi

Við bjóðum alla gamla og nýja viðskiptavini velkomna í útibú Íslandsbanka á Eiðistorgi. **Föstudaginn 11. október** verður opið til kl. 17 í tilefni af menningardögum á Seltjarnarnesi. Við bjóðum upp á kaffi og með því allan daginn og lífgum upp á tilveruna með lifandi tónlist. Glaðningur í boði fyrir öll börn sem koma að tæma sparibaukinn.

Verið velkomin!

Þitt fólk hjá Íslandsbanka

Útibú Íslandsbanka á Eiðistorgi þjónar íbúum Seltjarnarness og Vesturbæjar. Starfsfólk okkar leggur metnað í að veita framúrskarandi þjónustu.



Finndu okkur á Facebook.
www.facebook.com/Islandsbanki.Eidistorgi

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki

„Aðalskipulag sem lokar á eðlilega uppbyggingu getur ekki gengið“

- segir Júlíus Vífill Ingvarsson, oddviti borgarstjórnarhóps Sjálfstæðisflokksins

Júlíus Vífill Ingvarsson er oddviti borgarstjórnarhóps Sjálfstæðisflokksins og Vesturbæingur í húð og hár. Fyrir utan árin sem hann var í söngnámi á Ítalíu og Austurríki hefur hann búið á fjórum stöðum í Vesturbænum en bara við tvær götur. Júlíus Vífill hefur komið víða við. Hann hefur starfað sem fyrirtækjastjórnandi, óperusöngvari, lögfræðingur og auðvitað borgarfulltrúi. Júlíus Vífill er fæddur og uppalinn við Hávallagötuna. Hann var fyrst spurður hvar í Vesturbænum fjölskyldan byggir í dag.

„Við búum á Hagamel. Ég var að lesa gamalt viðtal um daginn sem Matthías Johannessen ritstjóri tók við hinn litskrúðuga söngvara Eggert Stefánsson árið 1957. Söngvarinn bauð Matthíasi heim til sín og þeir settust inn í leigubíl niður í miðbæ. Eggert kvartaði yfir því að þegar hann kæmi að heimsækja fæðingarbæ sinn yrði hann að búa í úthverfi og engum dytti í hug að gefa honum hús. Síðan snéri hann sér að leigubílstjóranum og sagði „Hjarðarhaga 56, takk“. Við búum sem sagt í hverfi sem einu sinni

var úthverfi en saga úthverfanna vill stundum gleymast í umræðunni um skipulagsmál. Úthverfi gærdagsins eru borgarhlutar í dag. Fyrstu ár ævinnar bjó ég í húsi við Hávallagötu sem Steinn Steinar orti ljóð um. Hann orti um lítinn dreng sem stóð þar en það var reyndar ekki ég. Ég var ekki fæddur þegar stórskáldið var þarna að heimsækja gamlan vin.“

- Hvernig var að alast upp á Hávallagötunni?

„Lífið snérist um fótbolta á Landakotstúni og að dorga niður á höfn. Ég var ekki mikið í boltanum en þeim mun meira á bryggjuenda að reyna að veiða með færi. Allir strákar áttu færi og þarna kynntist ég mörgum góðum vinum. Ég segi kannski ekki að höfnin hafi verið miðdepill alheimsins en hún fór nærri með það. Þegar ég var formaður Faxaflóahafna á síðasta kjörtímabili lét ég opna gömlu grænu verbúðirnar fyrir kaffihús og gallerí og þannig hefur færst líf á þessar gömlu æskulóðir mínar. Við systkinin urðum níu í allt og Hávallagatan var bókafluga full af leikfélögum. Síðan fluttu mamma og pabbi niður á Lynghaga en ég varð



Júlíus Vífill Ingvarsson.

eftir. Það er önnur saga sem ég segi seinna.“

Ungt barnafólk hefur flutt frá Reykjavík til nágrannasveitarfélaganna

- Einhvers staðar var haft eftir þér að tillaga að aðalskipulagi sé í grundvallaratriðum gölluð. Er það svo?

„Aðalskipulag sem lokar á eðlilega uppbyggingu getur ekki gengið. Tillaga meirihlutans byggir á því að öll uppbygging í borginni fram til ársins 2030 verði á þéttingarreitum og þar með er gengið út frá því að við séum öll eins og öll með sömu óskir og öll á sama stað í lífinu. Skipulagshöfundar vilja væntanlega búa á þéttingarreitum en því fer víðs fjarri að allir borgarbúar deili þeirri skoðun. Könnun sem gerð var síðastliðið vor leiddi í ljós að einungis 4% borgarbúa vilja búa á þéttingarreitum í miðborginni. Flestir aðspurðra vilja búa í blönduðum hverfum með lágrestum fjölbýlishúsum, raðhúsum og einbýlishúsum og flestir vilja opin svæði fyrir börnin að leika sér á. Verst af öllu við þetta aðalskipulag er að það mun

ekki skapa tækifæri fyrir ungar fjölskyldur. Á undanförunum árum hefur ungt barnafólk flutt úr Reykjavík til nágrannasveitarfélaganna og auðvitað er það ekki af því að það sé eitthvað markmið í sjálfu sér að flytja úr borginni. Höfuðborgarsvæðið er orðið ein heild og álíka mikið mál að flytja á milli sveitarfélaga og það er að flytja á milli hverfa í borginni. Á milli áruna 2002 og 2012 fjölgaði íbúum í Reykjavík um 6% en þeim fjölgaði um 27% í nágrannasveitarfélögunum. Og þetta er unga fólk sem sést af því að fæðingum fjölgar í sömu hlutföllum. Við þessari þróun á aðalskipulag að bregðast. Mér finnst það vera skylda höfuðborgarinnar að tryggja bestu aðstæður fyrir ungar fjölskyldur til að hefja sinn búskap.“

- Snýst þetta um byggingarkostnað?

„Ef að þétting byggðar á að vera eini uppbyggingarmátinn í borginni á næstu árum eru ungar fjölskyldur dæmdar úr leik og munu einfaldlega fara annað í enn meira mæli. Íbúðir á þéttingarreitum eru dýrar. Þær eru reistar á lóðum sem eru dýrar og það er

flóknara og tímafrekara að gera breytingar á deiliskipulagi inni í eldri byggð heldur en að skipuleggja nýja byggð. Það þarf ekki annað en að skoða fasteignaauglýsingar til þess að sjá að dýrustu íbúðirnar eru á þéttingarreitum í miðborginni eða nágrenni hennar. Það gefur augaleið að ungt fólk er ekki að kaupa slíkar íbúðir.“

- Hvaða áhrif mun uppbygging vestast í borginni hafa á umferðarmálin?

„Ég get ekki séð að það gangi að stefna allri uppbyggingu fram til ársins 2030 til vesturs án nokkurra mótvægisáðgerða í samgöngukerfinu. Síðasta stóra ferðavenjukönnunin sýnir að það er nokkur, en þó ekki stórkostlegur, munur á bílnotkun eftir hverfum borgarinnar. Til dæmis fara 58% íbúa á svæðinu Hagar, Melar og Nes ferðir sínar á bílum en 61% í Breiðholti og Árbæ. Við þetta bætist að um 15% fá far með öðrum í bíl þannig að um 75% borgarbúa nota bíla til að komast ferða sinna á hverjum degi. Auðvitað viljum við auka hlut almenningsgangna og möguleika fólks á að fara hjólandi og gangandi. Mesta áttak í þeim efnum var gert á síðasta kjörtímabili.“

- Mun skapast sátt um Hofsvallagötuna?

„Já það er ekki erfitt. Allir geta gert mistök og núverandi skipulag eru bara mannleg mistök sem þarf að leiðrétta. Þau kostuðu sitt en það er hreinlegast. Held að það sé best að byrja bara á byrjuninni sem fyrst. Ég, eins og flestir aðrir borgarfulltrúar, sá bara útfærsluna þegar hún var komin upp og skildi ekkert í þessu frekar enn aðrir borgarbúar. Í skýrslu úttektaarnefndar á stjórn-sýslu borgarinnar frá síðasta ári var gagnrýnt að það ríkti óvissa á þessu kjörtímabili varðandi það hver væri að stjórna borginni. Mér sýnist þetta lítið dæmi um það. Aðalatriði er að vinna framhaldið með íbúum enda endurspeglandi fundur í Hagaskóla mikinn áhuga íbúa á því að taka þátt í að móta hverfið sitt. Það er mikilvægt að virkja þá orku,“ segir Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

B. Markan ehf. Pípulagnir
660 6690 • 544 8611



lagnir@bmarkan.is

Skólp og drenlagnir í yfir 20 ár
Meistaraábyrgð og 50 ára ending
www.bmarkan.is

Komdu í afmæli

Tapas barinn er 13 ára
og þér er boðið í veisluna 21. og 22. október

Afmælistilboð

10 vinsælustu réttir Tapas barsins

590 kr./stk.

Codorníu Cava-glas

490 kr./stk.

Peroni, 330 ml

590 kr./stk.

Léttvinsglas, Campo Viejo

690 kr./stk.

Allir fá ljúffenga og margrómaða súkkulaðiköku
Tapas barsins í eftirrætt.

Afmælisteikurinn er hafinn

Komdu og taktu þátt í léttum leik.
Þú gætir unnið ferð til Tenerife eða
einhvern fjölmargra aukavinninga.

TAPAS BARINN HINN EINI SANNI Í 13 ÁR



RESTAURANT - BAR

Vesturgötu 3B | 101 Reykjavík | Sími 551 2344 | www.tapas.is

Deiliskipulagstillögur um Nýlendugötureitinn og Vesturbugt:

Íbúafundur mótmælir byggingaáformum

Íbúafundur Íbúasamtaka Vesturbæjar var haldinn í Víkinni Sjóminjasafni þann 18. september sl. Tilgangur fundarins var að kynna fyrir íbúum athugasemdir stjórnarinnar við tvær deiliskipulagstillögur Reykjavíkurborgar sem voru í kynningu til 25. september sl. Annars vegar er það Nýlendugötureitur og hins vegar Vesturbýggð (Slippasvæðið).

Á íbúafundinum var farið yfir vangalla á báðum deiliskipulagstillögunum og greinilegt var, að mati Íbúasamtaka Vesturbæjar, að flestir viðstaddir deildu áhyggjum samtakanna varðandi of mikið byggingarmagn, skort á betri tengslum við hverfið og margt fleira.

Nýlendugata og rússneska rétttrúnaðarkirkjan

Á fundinum var sagt frá fundi sem Birgir Þ. Jóhannsson og Ásta Olga Magnúsdóttir áttu með presti rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar og listfræðingi hans. Út úr þeim fundi kom skýrt fram að rússneska rétttrúnaðarkirkjan hefur metnað fyrir því sem að þau eru að gera og hafa jafnframt vilja til að leysa málið á sem farsælastan hátt. Þau sögðust því miður ekki geta haft bygginguna lægri en sem nemur 22 metrum undir kross þar sem á þeim hvíli sú skylda að virða hefðbundinn stíl og þau hlutföll sem tengjast honum. Ómögulegt að gera bílastæðakjallara undir kirkjunni og öll bílastæði verði að vera í

nágrenninu. Þá lýstu þau því yfir að ef vilji væri fyrir því færu annað og þeim væri úthlutað önnur lóð þá myndu þau setta sig við slíkt, ef borgin greiddi þeim fyrir þann hönnunarkostnað sem þau hafa þegar lagt út vegna fyrirhugaðrar byggingar á þessari lóð. Flutningur kirkjunnar á aðra lóð mun að mati Íbúasamtaka Vesturbæjar bjarga hlutföllum byggðarmynsturs hverfissins og koma í

veg fyrir skipulagsslys.

Íbúasamtökin hafa þegar skorað á Skipulagsráð að skoða möguleika á því að finnar aðra hentugri lóð fyrir kirkjuna og setja deiliskipulag Nýlendureits í frest þangað til úr þessum vanda hefur verið ráðið.

Vesturbugt/Slippasvæði

Á fundinum var ákveðið að



safna undirskriftum á netinu gegn deiliskipulagstillögunni. Þar segir m.a.: „Við undirrituð mótmælum deiliskipulagstillögu fyrir Vesturbugt (hafnarstrandlengju Vesturbæjar). Við skorum á yfirvöld að falla frá þessu skipulagi og undirbúa nýja tillögu fyrir þetta mikilvæga og viðkvæma svæði borgarinnar. Við kjósum frekar byggð í mannlegum mælikvarða sem einnennist af fjölbreytni og sem er

í sátt við aðliggjandi hverfi. Við myndum vilja sjá skipulag sem tekur mið af sögu og menningarverðmætum svæðisins og bætir líf hins almenna borgara nær og fjær. Við höfnum óafturkræfinni tilraunastarfsemi með einsleitt byggingarmódel og gríðarlegan byggingarmassa. Þess í stað viljum við sjá fjölbreytni hvað varðar byggingar og skapandi umhverfi í anda sjálfbærrar þróunar.“

Viltu vinna 20.000 kr. matarkörfu?

Farðu á kvosin.is og skráðu þig á póstlistann hjá okkur, þá áttu kost á að vinna 20.000 kr. matarkörfu. Við munum draga út einn heppinn aðila í hverjum mánuði.

Neskirkja 16. október:

Kvöldstund við flutning dægurtónlistar

Miðvikudagskvöldið 16. október bjóða Kór Neskirkju og Stúlnakór Neskirkju öllum á tónleika þar sem íslensk dægurtónlist verður í aðalhlutverki. Enginn aðgangseyrir og allir hjartanlega velkomnir.

Kórarnir flytja m.a. Vegbúann og I think of Angels eftir KK, Heyr mína bæn eftir Óla Gauk og Leiðina okkar allra eftir Þorstein Einarsson og hefur Steingrímur kórstjóri útsett þessi lög fyrir kórana. Þá flytja kórarnir Tvær stjórnur eftir Megás og Bæn einstæðingsins eftir Ómar Ragnarsson í útsetningum Gunnars Gunnarssonar. Fjölmörg önnur kunnugleg lög eru á efnisskránni og mætti t.d. nefna Gullvagninn og Við Reykjavíkurtjörn. Fáein erlend lög fá að fljóta með, m.a. Hall-elúja eftir Cohen. Ragnhildur D. Þórhallsdóttir, sópran og félagi í Kór Neskirkju, mun auk þess flytja nokkur dægurlög sem voru vinsæl um miðbik síðustu aldar í flutningi Óddu Örnólfs, mömmu Ragnhildar. Kynnir á tónleikunum verður Sigurður Heimisson og stjórnandi er Steingrímur Þórhallsson.



kvosin
FRSKT OG FLJÓTT

Kvosin við Ingólfstorg, kvosin.is

Lögreglan berst gegn veggjakroti í Vesturbænum

- nágrannavarsla snýst um athygli og afskiptasemi

Lögreglunni í Vesturbæ hefur borist upplýsingar um að talsvert sé um veggjakrot í Vesturbænum sem ekki eru tilkynnt til lögreglu, má þar nefna t.d. nýja blómakassa á Hofsvallagötu og hús Vesturgarðs við Hjarðarhaga auk annara staða.

„Við viljum hvetja ykkur til að tilkynna til lögreglu í síma 112 verði þið var við aðila vera að stunda veggjakrot og valda þar með eignaspjöllum á eignum Reykjavíkurborgarinnar eða einkaaðila. Nágrannagæsla snýst um athygli og afskiptasemi. Veitum umhverfinu athygli og tilkynnum grunsamlegar mannaferði, grunsamlega bíla og aðila sem stunda eignarspjöll til lögreglu. Ef brýnt er að lögreglan komi strax á vettvang skal hringja í síma 112 ef þið viljið koma ábendingu til lögreglunnar má senda það á netfangið abending@lrh.is eða skrifa á vegginn okkar á Facebook. Lögreglan mun á næstu vikum auka eftirlit í Vesturbænum og beina sjónum sínum markvisst sérstaklega að veggjakroti,“ segir Jóhann Karl Þórisson, aðalvarðstjóri.

Opinn fundur verður með lögreglunni næsta mánudag, 14. október n.k. kl. 16.00 í Hagaskóla. Far-ið verður yfir helstu tölur um afbrot og fleira í Vesturbænum og í framhaldinu verða umræður á eftir. Tilvalið er að koma og hitta lögreglustjóra og yfirmenn löggæslumála í Vesturbænum og ræða við þá beint og milliliðalaust um löggæslumál í Vesturbæ.



Ungur vegfarandi fær leiðsögn lögreglunnar.

Friðargarður en ekki kirkja við Nýlendugötu

Að morgni menningarnætur söfnuðust nokkrir íbúar úr Vesturbæ Reykjavíkur saman á Segullóðinni við Nýlendugötu.

Þar var lagður grunnur að Friðargarði í Vesturbæ. Merktur var hringur með 10 metra þvermáli. Umhverfis hringinn á að planta 17 birkitrjá til að mynda skjólgóða flöt þar sem íbúar geta sest niður og átt góða stund. Við sem stóðum að þessum gjörningi hvetjum íbúa Vesturbæjar og aðra sem vilja þessum garði vel að koma með sem nemur einum hjólbörum af mold á svæðið svo uppbyggingarstarf garðsins geti hafist. Við viljum ekki stórkaralega kirkju á þessa litlu lóð. Kirkju sem mun verða tvöfalt hærri en nærliggjandi hús. Áætlað er að hæsti turn kirkjunnar verði 21 metri og þar ofan á kemur kross. Við viljum garð sem allir Vesturbæingar og íbúar Reykjavíkur geta notið. Sýnum samstöðu og búum til friðargarð segir Gísli Þór Sigurþórsson.



Hundurinn Jarl sem á heima við Brunnstíg og Jarlinn af Vesturbæ, Gísli Þór Sigurþórsson við miðju hringins.

12 volta díóðuljós og perur

Nýjar og endurbættar 12 volta led perur, betri lýsing, eyðsla aðeins 1 - 3 wött.



SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

HJÁ AÐALSKOÐUN ERT ÞÚ Í GÓÐUM HÖNDUM

Við erum með fjórar skoðunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu og eina í Reykjaneshæ. Paulreyndir og þjónustulipir fagmenn taka á móti þér á þeim öllum. **Hlökkum til að sjá þig!**

Aðalskoðun, faggildur skoðunaraðili í 19 ár

Við getum minnt þig á þegar þú þarft að láta skoða bílinn á næsta ári. Skráðu þig á póstlistann hjá okkur þegar þú kemur með bílinn í skoðun og þú gætir unnið **200 lítra eldsneytisúttekt.**

Opíð kl. 8-17 virka daga – sími 590 6900

Aðalskoðun

Reykjavík
Grjóthálsí 10
Sími 590 6940

Reykjavík
Skeifunni 5
Sími 590 6930

Hafnarfjörður
Hjallahrauni 4
(við Helluhraun)
Sími 590 6900

Kópavogur
Skemmuvegi 6
(bleik gata)
Sími 590 6935

Reykjaneshæ
Holtsgötu 52
(við Njarðarbraut)
Sími 590 6970

www.adalskodun.is og www.adal.is

ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ – NJÓTTU

Nágrannar Holtsgötu 41.b sætta sig ekki við ólíðandi yfiringang borgarráðs

Ingi Arnar Sigurjónsson, stjórnarmaður í húsfélaginu Sólvallagötu 82 hefur svarað borgarráði bréfi sem félaginu barst vegna bréfs sem húsfélagið sendi 15. ágúst sl. til borgarráðs. Ingi Arnar óskar eftir því að bréfinu verði svarað með raf-rænum hætti til að auðvelda dreifingu á efni þess til hagsmunaaðila á svæðinu og annarra sem málið kann að varða. Í framhaldi af þeirri kynningu mun húsfélagið senda formlegt svar við bréfinu.

„Íbúar hér geta ekki sætt sig við svona vinnubrögð af hálfu borgaryfirvalda sem án nokkura skýringa eða haldbærra raka fara gegn vilja íbúa í nágrenni þessa umdeilda húss,“ segir Ingvar Arnar í upphafi bréfsins. „Við höfum nokkrar spurningar varðandi bréfið frá þér en það er okkar mat að þar sé engu svarað og í raun farið í kringum viðfangsefnið.“ Spurningarnar eru m.a. þessar:

Hefur Reykjavíkurborg látið gera faglega úttekt á ástandi hússins til að geta metið hvaða framkvæmdir þarf að fara í og í hvaða forgangs röð þannig að húsið verði eigendum þess og umhverfinu til söma, uppfylli kröfur Minjasafns Reykjavíkur og Minjastofnunar Íslands?

Hvað telst vera sómasamlegt ástand?

Hvaða samtök eru þetta og hvað kemur til að þeim er falið þetta verkefni?

Er gert ráð fyrir að þeir noti húsið til búsetu?

Hversu margir verða þá íbúarnir að jafnaði?

Hvaða fagkunnáttu hafa þau til að takast á við þetta verkefni?

Liggur verkáætlun fyrir? (punktarnir sem taldir eru upp í bréfinu frá þér er engin verkáætlun, lítur frekar út eins og bráðabirgðaplan sem kastað er upp í flýti)

Hver verður verkefnisstjóri þessara endurbóta?

Hefur Minjasafn Reykjavíkur og/eða Minjastofnun Íslands verið haft með í ráðum?

Liggur kostnaðaráætlun fyrir?

Hefur verkefnið eitthvert upphaf og endi - liggur verkáætlun fyrir?

Hver er framtíðarsýn fyrir húsið?

Verkefnið ekki kynnt íbúum

Ingi Arnar spyr síðan, síðast en ekki síst, hvers vegna var þetta verkefni ekki kynnt íbúum/hagsmunaaðilum - heldur tekin sérstök ákvörðun á fundi borgarráðs að gera það ekki?

„Með þessu bréfi ítrekum við andstöðu okkar við þessa ráðstöfun og að húsinu verði fundinn farsæll farvegur til framtíðar enda



Stóra Sel, Holtsgata 41.b.

nóg komið af bráðabirgðalausnum tengt því. Við förum fram á að borgarráð afturkalli ráðstöfunina og kalli að lágmarki saman íbúafund með öllum hagsmunaaðilum við Sólvallagötu, Ánaust, Holtsgötu og Framnesveg þannig að hægt sé að fara yfir framtíð hússins og svæðisins sem afmarkast af ofangreindum götum,“ segir Ingi Arnar Sigurjónsson í lok bréfsins.



Til hamingju Vesturbæingar!

Þeim sem eru enn ekki búnir að jafna sig eftir að titillinn var í höfn er bent á heilsumælingu sem Lyf & heilsa JL-húsinu bjóða upp á.

Við mælum:

Blóðþrýsting
Blóðsykur
Blóðfitu

Ekki bíða lengur – komdu í heilsumælingu!



OPNUNARTÍMAR
08.00–22.00 VIRKA DAGA / 10.00–22.00 HELGAR
lyfogheilsa.is

Lyf & heilsa
JL-húsinu

JÓGA & HEILSA

Námsskeið fyrir konur
á Aflagrandu 40

Jógaleikfimi, mjúkar æfingar,
góðar teygjur, öndun og slökun.

Jóga liðkar og styrkir líkamann, er
gott gegn vefjagigt og eykur almenna
andlega og líkamlega vellíðan.



Réttindi frá
British School
of Yoga og
Yoga studio.

Skráning hjá Hildi B. Eydal jógakennara • Gsm: 8644476



Stjórn Íbúasamtaka Vesturbæjar, stödd á Vesturgötunni.

Nýju lífi blásið í Íbúasamtök Vesturbæjar

Á aðalfundi Íbúasamtaka Vesturbæjar 14. ágúst sl. var kosin ný stjórn Íbúasamtaka Vesturbæjar, sem voru upphaflega stofnuð 1977. Ágætlega mætt á fundinn, ásamt nýrri og fráfarandi stjórn og nokkrum stofnfélögum voru ýmsir Vesturbæingar, nýir, gamlir, íslenskir, erlendir og reyndar alls konar!

Nýja stjórn skipa Birgir Þröstur Jóhannsson, formaður; Ásta Olga Magnúsdóttir, varaformaður og ritari; Charlotte Bøving,

gjaldkeri; Ásta Krístrún Ólafsdóttir, meðstjórnandi; Gísli Sigurþórsson, meðstjórnandi og Gunnar Haraldsson, meðstjórnandi. Póstfang Íbúasamtaka Vesturbæjar er ibuasamtokvesturbajar@gmail.com Íbúasamtökin vilja vera í góðu samstarfi við borgaryfirvöld um hvaðeina sem getur snert starfsemi félagsins og verið hagsmunamál Vesturbæinga. Vesturbæingar eru hvattir til að hafa samband við félagið.

Endurbætur á eldri húsum: Grettisgata 26 og Hjarðarhagi 36 – 42 verðlaunuð af Reykjavíkurborg

Viðurkenningar vegna fegurstu lóða fjölbýlishúsa og fyrirtækja, fallettrar útiðstöðu við sumargötur og endurbóta á eldri húsum í Reykjavík árið 2013, voru veittar af borgarstjóra fyrir nokkru við hátíðlega athöfn í Höfða. Viðurkenningar árið 2013 hljóta fjórar lóðir, þrjú hús og tvær verslanir við sumargötur. Lóðirnar eru Borgartún 30A og 30B, Hótel Natura, Elliheimilið Grund við Hringbraut og Engjasel 71-87. Verslanir við sumargötturnar eru Spútnik að Laugavegi 28B og IQ tiskuvörverslun, Bítte Kai Rand og Ostabúðin að Skólavörðustíg 8. Húsin eru Grettisgata 26, Hjarðarhagi 36-42 og Vogaland 2.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur veitir viðurkenningarnar eftir tilnefningar frá vinnuhópum sem í sátu vegna viðurkenningar fyrir lóðir fjölbýlishúsa og fyrirtækja/stofnana þau Björn Ingi Edvards-son, landslagsarkitekt og Valný Aðalsteinsdóttir verkefnisstjóri á Umhverfis- og skipulagssviði; vegna viðurkenningar fyrir endurbætur á eldri húsum Helga Maureen Gylfadóttir, safnvörður, Minjasafni Reykjavíkur og Margrét Þormar, arkitekt hjá skipulagsfulltrúa.

Elsta húsið sem hlýtur viðurkenningu fyrir endurbætur var reist árið 1904 en það yngsta árið 1971 og spanna byggingarár húsa því breitt bil í byggingarsögu borgarinnar. Húsin hafa nýlega verið endurnýjuð og eru hvert um sig mjög góður vitnisburður um byggingarlag og húsagerðir síns tíma. Þau hafa því mikið varðveislugildi sem hluti af menningar- og



Hjarðarhagi 36 – 42.

byggingarlistasögu Reykjavíkur.

Húsið að Grettisgötu 26 er byggt árið 1904 af Guðmundi Brynjólfssyni trésmið sem er að öllum líkindum hönnuður þess. Húsið, sem stendur á horni Grettisgötu og Frakkastígs, var byggt sem einlyft timburhús með porti, risi og kjallara og tveimur inngönguskúrum, einum við suðurhlíð og öðrum við austurgafli. Á norðvesturhorni er það hornsneitt og undir þakskeggi og á vindskeiðum er útskorið skraut. Húsið var byggt sem íbúðarhús en í kjallara þess var upphaflega smíðarúm með járnföðruðu lofti. Húsið að Grettisgötu 26 er gott dæmi um þá húsagerð sem þróaðist í Reykjavík á lokaskeiði timburhúsabygðar í borginni.

Húsin að Hjarðarhaga 36-42 eru fjölbýlishús byggð árið 1956 eftir teikningu Þóris Baldvinssonar arkitekts. Húsin voru fyrst skráð við Fjallhaga 31-35. Hjarðarhagi 36-42 er

íbúðarblokk á fjórum hæðum með svölum, risi og kjallara, byggð úr steinsteypu, múrhúðuð utan og með járnþaki. Hluti hússins, númer 42, er þrjár hæðir með svölum, risi og kjallara. Að utan var fjölbýlishúsið upphaflega húðað með marmara. Steining, þ.e. veggjahúðun þar sem mulin steinefni eru fest í ysta lag steinlíms eða mýrs, er eitt helsta sérkenni íslenskra, steinsteyptra húsa frá tímabilinu 1930 til 1960 og varð það til þess að Stefán Einarsson trésmíðameistari tók að nota skeljamulning sem var mun ódýrara efni en íslensku steinefnin. Var sú aðferð notuð á mörgum húsum en um hana er oftast notað hugtakið skeljún í stað steingar.

MATUR OG VÍN:

Uppskrift mánaðarins

Grísahnakki ofnbakaður með sinnepssósu

Leiðbeiningar:

Hitið ofninn í 200°C. Blandið saman í skál hvítlauk, rósmarín, salti og pipar og nógu mikilli olíu til að úr verði mauk. Skerið 1 cm djúpar raufar í kjötið og nuddið kryddinu í þær. Setjið í eldfast mót og bakið í 1 1/2 klst. Hitið smjörið í potti, setjið laukinn út í og svitið hann þar til hann verður mjúkur. Hellið hvítvíni og rjóma út í og kryddið með salti og pipar og órlitlum kjötkrafti. Sjóðið niður um

þriðjung eða þar til sósan fer að þykkna nægilega vel. Smakkið til og bætið kryddi í effir þörfum. Setjið sinnepið saman við og berið fram.

Hráefni:

- 1,5 kg grísahnakki
- 8 hvítlauksgeirar, saxaðir
- 1 msk ferskt rósmarín, saxað
- 1 msk sjávarsalt
- 1 msk nýmalaður svartur pipar
- jómfrúarolía

Sósan:

- 1 msk smjör
- 1 laukur, smátt saxaður
- 250 ml rjómi
- 250 ml hvítvín
- 2 msk Dijon sinnep
- sjávarsalt og nýmalaður pipar
- kjötkraftur



Við mælum með eftirfarandi vini við þennan rétt:

Piccini Memoro, rautt - Ítalía
1.999 kr.

Dökkkrúbinrautt. Þétt fylling, þurrt, fersk sýra, þroskuð tannín. Sælgætiskennundur berjablámi, vanilla, eik.

Masi Modello rauðvín
1.799 kr

Rúbinrautt. Létt fylling, þurrt, fersk sýra, mild tannín. Berjablámi, kirsuber, lyng.

Uppskrift mánaðarins

Þennan rétt völdum við sem uppskrift mánaðarins því hann er mjög gómsætur og einfaldur í eldamennsku og ekki skemmir að öll aðföng má fá á einum stað í næstu Nóatúnsverslun.

Það kórónar hverja máltíð að njóta þess að drekka gott vín með matnum. Við látum fylgja hér með tillögur að tveimur vintegundum sem hæfa þessum rétti alveg einstaklega vel.

Verði ykkur að góðu.

NÓATÚN

„Skipulagið fer gegn hagsmunum Vesturbæjarins“

- segir Kjartan Magnússon borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Fyrirliggjandi tillögur um aðalskipulag Reykjavíkur og deiliskipulag við gömlu höfnina eru andstæðar heildarbrag og hagsmunum Vesturbæjarins, segir Kjartan Magnússon borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins. Hann gagnrýnir einnig þær breytingar sem gerðar hafa verið á Hofsvallagötu og þá sýn borgarstjórnarmeirihlutans að þetta megi byggð verulega í vesturhluta borgarinnar án þess að bæta umferðarmannvirki að sama skapi. Kjartan segir að þótt ýmislegt gott megi finna í þeirri aðalskipulagstillögu, sem liggur fyrir borgarstjórn, séu þar einnig fjölmargir vankantar sem lýsi þröngsýnum viðhorfum til nútíma borgarlífs og ekki sé hægt að styðja að óbreyttu.

„Samkvæmt tillögunni á flugvöllurinn að vikja úr Vatnsmýri án þess að nokkur lausn hafi fundist á því hvert flytja eigi þá mikilvægu starfsemi sem þar er rekin, t.d. sjúkraflug og innanlandsflug. Þá má ekki gleyma því að Reykjavíkflugvöllur er vinnustaður mörg hundruð Reykavíkinga. Í framhaldi er reiknað með mikilli uppbyggingu íbúahverfa á núverandi flugvallarsvæði og annars staðar í vesturhluta borgarinnar eða fyrir allt að 30 þúsund manns, sem er svipaður fjöldi og býr nú í borginni vestan Snorrabrautar og á Seltjarnarnesi. Það hefur hins vegar ekki verið sýnt fram á það hvernig núverandi umferðarkerfi borgarinnar geti tekið við stóraukinni umferð sem slík ofurþétting byggðar hefði í för með sér. Skipulagstillagan ger-

ir auk þess ráð fyrir því að þrengrt verði að bílaumferð með ýmsum ráðum. Mislæg gatnamót á Miklubraut eru t.d. tekin af dagskrá en sannað er að tilkoma þeirra myndi fækka umferðarslysum, draga úr mengun og greiða fyrir umferð. Verði aðalskipulagið samþykkt og því fylgt eftir, verða umferðarstíflur myndaðar að óþörfu og öllu umferðarskipulagi stefnt í óefni,” segir Kjartan.

Málefni „Kemstvallagötunnar“!

- Umferðarskipulag í Vesturbænum hefur mjög verið til umræðu og ekki hægt að ræða um það án þess að minnst á Hofsvallagötuna. Hvað finnst þér um það sem þar hefur átt sér stað að undanförmu?

„Hofsvallagata gegnir mikilvægu hlutverki í umferðarskipulagi Vesturbæjarins og þar gekk umferðin í aðalatriðum vel þar til núverandi borgarstjórnarmeirihluti fór að eiga við götuna og olli því klúðri sem allir sjá. Það segir sína sögu að á nokkrum vikum hefur nýyrðið „Kemstvallagata“ fest sig í sessi meðal Vesturbæinga. Sjálfstæðisflokkurinn var að leggja hjólréiðakreinu meðfram götunni en það hefði mátt gera án þess að skemma götuna og tefja fyrir Vesturbæingum, sem þurfa auðvitað að komast leiðar sinnar eins og aðrir. Verst er þó að við breytinguna hefur umferð leitað frá Hofsvallagötuna og inn í íbúahverfið á Melunum austan Hofsvallagötu sem hefur varla verið ætluðin, eða hvað?“



Kjartan Magnússon.

- En hvað er hægt að gera?

„Það er ekkert annað að gera en að breyta götunni að mestu til fyrra horfs og tryggja hagsmuni hjólandi vegfarenda með því að leggja þarna hjólaerein að evrópskri fyrirmynd,” segir Kjartan. „Það er margt undarlegt í þessu máli en hið undarlegasta þykir mér þó að hvorki borgarstjóri né formaður borgarráðs, sem eru æðstu yfirmenn verklegra framkvæmda hjá borginni, sáu ástæðu til að mæta á fjölmennan borgarafund um málið í Hagaskóla í síðasta mánuði. Undirmenn borgarstjóra báru síðan þau skilaboð inn á fundinn að hann bæri enga ábyrgð á málinu. Hafi einhver velkst í vafa, varð það ljóst með þessari yfirlýsingu að Jón Gnarr axlar ekki þá ábyrgð sem fylgir starfi borgarstjóra og sinnir þar af leiðandi ekki starfinu.“

Umferð beint inn í íbúahverfi

Kjartan gagnrýnir fleiri verk meirihlutans í umferðarmálum og bendir á Suðurgötu því til sönnunar: „Einstefna til suðurs, sem tekin var upp milli Kirkjugarðstígs og Skothúsvegar, hefur haft þær óæskilegu afleiðingar í för með sér að umferð, sem áður fór norður Suðurgötu, leitar nú um nærliggjandi íbúagötur, t.d. Tjarnargötu og Ljósavallagötu. Málið var keyrt í gegnum borgarkerfið á furðulegum hraða og skilti voru sett upp þrátt fyrir að lögreglan féllist ekki á breytinguna. Um eins og hálfis árs skeið var einstefnan því í raun ólögleg og ekki gott að segja hvernig málum hefði lyktað fyrir dómstólum ef alvarlegt umferðarslys hefði orðið við götuna á þessu tímabili vegna þessara röngu merkinga. Ég bókaði gegn þessari breytingu á sínum tíma og taldi hana misráðna.“

Gegn hverfisbrag Vesturbæjarins

Deiliskipulagstillaga um uppbyggingu við Vesturbuht við gömlu höfnina í Reykjavík hefur vakið mikla athygli í Vesturbænum eins og vonlegt er. Kjartan hefur gagnrýnt tillöguna og bent á að hún sé ekki í samræmi við hverfisbrag Gamla Vesturbæjarins. „Vesturbærinn er eitt elsta hverfi landsins og eru lágreist hús þar einkennandi auk þess sem hverfið hefur öldum saman tengst fjörunni og höfninni með beinum hætti. Umrædd tillaga

gerir ráð fyrir uppbyggingu sem mun mynda vegg milli þessarar byggðar og hafnarinnar og leiða til þess að almenningssrýmið við höfnina verði í skugga stærstan hluta dagsins. Mikið hefur verið látið með að deiliskipulagstillagan byggist á vinnu Graeme Massie arkitekta frá Skotlandi. Nú hefur komið í ljós að það er ekki rétt, þeir gagnrýna tillöguna harðlega og vilja ekki vera bendlaðir við hana. Þetta atriði þarf að lagfæra í samráði við íbúa.“

Leysa þarf vanda KR hvað varðar æfingasvæði

- Fyrir nokkrum árum lagðir þú fram tillögu um að Reykjavíkurborg beitti sér fyrir breyttu skipulagi lóðarinnar Keilugranda 1 (SÍF-reitsins) í því skyni að hún myndi í framtíðinni nýta sig í þágu íþróttar- og æskulýðsstarfs í Vesturbænum. Þú hefur einnig bent á að barna- og unglingastarf KR líði fyrir skort á æfingasvæði og því myndi umrædd lóð koma í góðar þarfir.

„Borgin hefur lengi átt lóðina og ég hefði helst viljað að KR fengi hana alla til afnota í þágu barna- og unglingastarfs. Meirihluti Samfylkingar og Besta flokksins féllst ekki á þá hugmynd og vill fremur selja byggingarétt á lóðinni en hefur fallist á að skoðað verði hvort jafnframt verði hægt að nýta hluta lóðarinnar undir íþróttastarfsemi. Vonandi finnst góð lausn á því máli,” segir Kjartan Magnússon borgarfulltrúi.

Endurvinnslutunнан

Raunhæfur valkostur fyrir Reykvíkinga

Fyrir 8 árum hóf Gámaþjónustan hf. að bjóða upp á Endurvinnslutunnu á höfuðborgarsvæðinu til flokkunar á heimilissorpi. Í hana mega fara **SJÖ** flokkar af efnum, allt laust í tunnunna nema rafhlöður sem fara í þar til gerða poka. Aðeins Endurvinnslutunнан biður upp á þetta marga flokka í sömu tunnu, sem er mikil hagræðing. Allt sem í Endurvinnslutunnuna fer er síðan flokkað í móttöku- og flokkunarstöð Gámaþjónustunnar hf., baggað og gert klárt til útflutnings. **Endurvinnsla okkar er ábyrg og örugg!**

Reykvíkingar, kynnið ykkur vel hvaða valkostir eru í boði:

Þið eigið val um að panta **Endurvinnslutunnuna** frá Gámaþjónustunni en í hana má setja **SJÖ flokka** af endurvinnsluefnum.

Okkar lausn er umhverfisvæn, ódýr og sparar þér sporin.

Ekkert skrefagjald!

ET+

Þarft þú að losna við raftæki? Við sækjum stærri raftæki til viðskiptavina Endurvinnslutunnunnar þeim að kostnaðarlausu.



Kynnið ykkur allt um Endurvinnslutunnuna á **endurvinnslutunнан.is**



GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMhverfi - BETRI FRAMTÍÐ

Girnileg ljóð og gómsæt súpa

Skál af ljóðum

Á fimmtudögum í hádeginu verður boðið upp á ljóðadagskrá og súpu í aðalsafni.

Umsjón með dagskránni hefur Jakob S. Jónsson.

Salsasúpa og sveppasúpa frá Kryddlegnum hjörtum ásamt heimabökuðu byggbrauði með hummus og hvítlaukssmjöri og kaffi á eftir. Kr. 1.290.

Aðalsafn, Tryggvagötu 15, kl. 12-13
alla fimmtudaga frá 3. október til 7. nóvember



Ljóð og sögur kortlagðar

Ljóðakort Reykjavíkur

Hefur verið ort ljóð um þína götu? Borgarbókasafn safnar ljóðum um hverfi, staði, götur og viðburði í Reykjavík til að setja á nýja Ljóðakortið.



Íslandskort bókmenntanna

Borgarbókasafn leggur landið undir sig á kortinu sem sýnir sögusvið eða áhrifastaði skáldsagna af ýmsu tagi.



Kortin má nálgast á www.borgarbokasafn.is



Aðalsafn, Tryggvagötu 15
Sími 411 6100
borgarbokasafn@borgarbokasafn.is
Afgreiðslutími:
Mánudaga - fimmtudaga 10-19
Föstudaga 11-18
Laugardaga 13-17

www.borgarbokasafn.is - sími 411 6100
www.bokmenntir.is - www.literature.is
www.bokvit.tumblr.com - www.artotek.is

1923-2013 **90 ára**
BORGARBÓKASAFN
REYKJAVÍKUR

Íslandsmeistarar 2013!

Það veit nánast hvert mannsbarn, a.m.k. í vesturhluta Reykjavíkur, að KR-ingar urðu fyrir skömmu Íslandsmeistarar í knattspyrnu 26. sinn, oftast en nokkuð annað félagslið á Íslandi.

KR-ingar voru búnir að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn eftir leik við Val á Valsvelli en stuðningsmenn hreinlega heimtuðu sigur í síðasta leiknum



Brynjar Björn Gunnarsson, umvafinn fjölskyldunni eftir að leik lauk.



Við erum bestir!



KR-útvarpsmennirnir Höskuldur Höskuldsson útvarpsstjóri, Bogi Ágústsson og Pröstur Emilsson.

sem var gegn Fram, og fengu 2:1 sigur.

Mikil fagnaðarlæti brustu út þegar lokaflaut dómars gall, og við birtum hér nokkrar myndir af því sem gerðist á KR-vellinum eftir leik og eins í hófi sem haldið var um kvöldið með báðum meistara-flokkum félagsins í knattspyrnu, starfsmönnum, stuðningsmönnum og velunnurum. Þar var glatt á hjalla. Til hamingju, KR-ingar!



Stuðningsmenn KR voru að vonum kátir.



Markaskorarar KR í sigurleiknum gegn Fram, Gary Martin og Emil Atlason.



Venjan er að velja „Viðbjóð“ sumarsins á lokahófinu sem felst að einhverju leiti í lakri knattækni. Viðbjóðurinn er skráður sérstökum gulum jakka, en hann hlaut Torfi Karl Ólafsson sem stendur hér milli Grétars Sigfinns og Bjarna

LIQUI MOLY


Klima Fresh

Eyðir sýklum, gerlum og fúkkalykt í miðstöðinni



- Eyðir vondri lykt úr loftkælingunni og miðstöðinni.
- Þrífur og sótthreinsar þannig að blásturinn verður aftur ferskur.
- Auðvelt að nota án þess fjarlægja frjókorna-eða loftsíuna
- Kemur í veg fyrir ofnæmisviðbrögð.
- Eyðir sýklum, gerlum og fúkkalykt sem koma úr loftkælingunni.

Virka efnið í brúsanum dreifist um loftkælinguna með viftunni í miðstöðinni í bílnum.



Framúrskarandi
fyrirtæki 2012

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is



www.stilling.is/LM4065

Innihald: 150 ml Vörunúmer: 4065

ÞÝSK GÆÐAVARA

Fíkjubitar

35%
gráttikjur



www.fronkex.is

NÝTT góðgæti
frá Frón



kemur við sögu
á hverjum degi

KR-ingar til hamingju með Íslandsmeistaratitilinn 2013



Miklar byggingaframkvæmdir í Vesturbæ og á Seltjarnarnesi


Miklar byggingaframkvæmdir eru á döfinni eða þegar hafnar á vesturhluta höfuðborgarsvæðisins einkum í vesturhluta Vesturbæjar Reykjavíkur og á Seltjarnarnesi. Má þar nefna stórframkvæmdir sem eru hefjast á hinni svonefndu Lýsislóð vestan við JL húsið inna tíðar og framkvæmdir sem eru þegar hafnar við Mýrargötu ofan Vesturhafnarinnar í Reykjavík. Á Seltjarnarnesi er byggingaframkvæmdir hafnar á Hrólfs-skálamel þar sem framkvæmdir og einnig í Lambastaða-hverfinu á Seltjarnarnesi. Hér er um miklar breytingar að ræða því lítið hefur verið byggt í Vesturbænum og á Nesinu um nokkurt ekið.

Ólafur Finnbogason hjá fasteignasölnunni Mikluborg sagði í spjalli við Vesturbæjarblaðið að miklar breytingar væru að eiga sér stað í byggingaframkvæmdum vestast á höfuðborgarsvæðinu eftir nokkra stöðnun á undanförunum árum. Talið berst fyrst að Vesturbænum í Reykjavík. „Á því svæði er nú stefnt að mikilli uppbyggingu. Nú eru að fara af stað framkvæmdir á Lýsisreitnum svokallaða vestan við JL húsið þar sem Lýsi var á árum áður þar sem áformað er að byggja 142 íbúðir. Þessar íbúðir hafa nú þegar vakðið mikinn áhuga þótt framkvæmdir séu vart hafnar sem sýnir hversu mikil þörfin fyrir nýtt húsnæði er á þessum slóðum. Íbúðirnar við Boðagranda eru líklega síðustu íbúðirnar sem byggðar voru

í Vesturbænum fyrir utan Þorragötuna en þar eru eingöngu íbúðir fyrir eldri borgara. Einnig má nefna að verið að byggja 66 íbúða hús við Mýrargötuna sem er mjög eftirsóknarverður staður. Líklega verður svo ráðist í byggingarframkvæmdir á SÍF reitnum, við Keilugranda, innan tíðar sem og fleiri íbúðir á svæðinu í nágrenni Mýrargötu.

Líka byggt á Seltjarnarnesi

Á Seltjarnarnesi og í vesturhluta gamla Vesturbæjarins í Reykjavík. „Á Nesinu erum við að tala um Hrólfs-skálamel 10 til 18. Þar er verið að byggja 30 íbúðir með góðri lofthæð og eru íbúðir frá 90 fermetrum og upp úr getum við sagt. Þetta verða vandaðar eignir á góðum stað á Nesinu og af þessum 30 íbúðum eru á fjórar þegar seldar. Sunnar á Seltjarnarnesi eða við Skerjabrautina er verið að hefja byggingu 23 íbúða í fjölbýli. Þetta eru fjölskylduvænni íbúðir og eru án bílakjallara og gefa yngra fólki betri möguleika til íbúðakaupa. Íbúðir af þessari stærð hefur vant að á Seltjarnarnesi og skortur á heppilegu húsnæði fyrir yngra fólk og fólk með börn hefur orðið til þess að það hefur leitað annað. En á næsta ári er búist við stærsta árgangi í 1.bekk Mýrarhúsaskóla í 10 ár svo börnum á Nesinu er aftur farið að fjölga, eins og einnig er að gerast í Vesturbænum, eins og Grandaskóla.“



Áformað er að byggja 142 íbúðir á Lýsisreitnum, þannig munu þær líta út. Séð til vesturs.

Lítið byggt á liðnum árum

Ólafur bendir á að lítið hafi verið byggt af nýju húsnæði í Vesturbænum og á Seltjarnarnesi það sem af er þessari öld fyrr en nú. „Eiðismýrin var byggð á tíunda áratugnum en síðan hefur ríkt ákveðin stöðnum í byggingaframkvæmdum og ekkert fjölbýli verið

byggt utan ÍAV blokkinn á Hrólfs-skálamel 2 til 8 þar sem hægði á framkvæmdum árið 2008 en nú er búið í öllum íbúðum nema fjórum í því húsi. Einnig er skipulögð lóð númer 1 til 7 á Hrólfs-skálamelnum sem mun rísa á næstu árum. Þessar framkvæmdir gætu skilað hátt í 100 nýjum íbúðum á Seltjarnarnesi

á næstu fjórum til fimm árum. Svo eiga Seltirningar byggingasvæði við Bygggarða sem lengi hefur verið í umræðunni. Þar er umtalsvert rými en eftir að ganga frá ýmsum undirbúningi áður en hægt verður að hefjast handa. Þó má gera ráð fyrir að þetta svæði komi til bygginga innan 10 ára.“



NÁÐU GÓÐU GRIPI Á VETRINUM MEÐ MICHELIN VETRARHJÓLBÖRÐUM



ALPIN A4

- Hljóðlátt og gripgott
- Naglalaust vetrardekk
- Ný APS gúmmí blanda tryggir gott grip í öllum hitastigum
- Flipamunstur tryggir gott grip þó liði á líftíma dekkisins
- Margátta flipamunstur tryggir hliðar, fram og hemlagrip



X-ICE NORTH

- Líttir álnaglar sem eru niðsterkir og hljóðlátir
- 10% styttri hemlunarvegalegd á ís
- Allt að 30% færri naglar
- Aukið öryggi og meiri virðing fyrir umhverfinu



X-ICE

- Hjólbarði hannaður fyrir borgarbíla og fjölskyldubíla
- Mikið skorið og stefnuvirkir munstur sem veitir frábært grip í hverskyns aðstæðum.
- Endingargott naglalaust vetrardekk

Hauststarfið hafið að fullu í Skýjaborgum

Nú er komið haust og nýr árgangur mætir fyrsta skiptið í skólann. Starfið í frístundaheimilum hverfisins hefst aftur á sama tíma og skólinn og þangað fara flestir 1.-4. bekkingar eftir að skóladeginum lýkur. Í Skýjaborgum, frístundaheimlinu í Vesturbæjarskóla, er lögð sérstök áhersla á að börnin séu í barnvænu umhverfi og fái að vera þar á sínum forsendum.

Þar ríkir barnalýðræði og börnin hafa mikið um það að segja hvað gert er í starfinu. Starfsfólk tekur við hugmyndum barnanna og aðstoðar við að koma þeim í framkvæmd og þannig velja börnin sér dag frá degi hvað þau vilja fást við. Börnin hafa oft frumkvæði að því að stofna klúbba og koma á fót sínu eigin tómstundastarfi með aðstoð starfsfólksins og það hefur haft í för með sér alls kyns skemmtun fyrir börnin. Fjölmargir skemmtilegir klúbbar hafa sprottið upp úr þessu samstarfi.

Á síðasta ári var rokk-klúbburinn mjög vinsæll, þar sem börnin hlustuðu á rokkklög með starfs-



Áhersla er lögð á að öllum líði vel á Skýjaborgum og börnin finni að þau séu velkomin.

mönnum og bjuggu til eigið tónlistarmyndband og Star wars klúbburinn sló eftriminnanlega í gegn. Fyrst og fremst er þó lögð áhersla á að öllum líði vel í Skýjaborgum og að allir séu öruggir þar í sínu umhverfi að fást við

sín áhugamál. Með samvinnu og náungakærleik er hægt að skapa umhverfi þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi og þar sem öllum líður vel.

Haustfasta í Neskirkju

Viltu breyta mataræði og líðan? Já, það vilja margir og á vegum Neskirkju var efnt til haustföstu í byrjun október. Fullbókuð var, langur biðlisti. Því verður efnt til annarrar haustföstu. Þótt fastað sé á kjöt, fisk, sneytt hjá ofnæmisvökum og ekki neytt kaffi eða áfengis á föstutímanum er fæðing ríkulegt, grænmeti, ávextir, glútenlaust heilkorn, baunir og hnetur.

Enginn verður svangur en allir breytast. Matur hefur mikil áhrif á líðan og heilbrigði – og sömuleiðis skiptir miklu máli hvernig fólk stuðlar að andlegri endurnýjun.

Margrét Leifsdóttir, heilsumarkþjálfari lín og arkitekt, og hjónin Elín Sigrún Jónsdóttir, lögfræðingur og ACC markþjálfari,

og dr. Sigurður Árni Þórðarson, Neskirkjuprestur, halda þetta námskeið í safnaðarheimili Neskirkju um mat, heilsurækt og föstu. Námskeiðsfundir verða þrír; kvöldverðarboð og matreiðslukynning, upphafs- og lokafundur. Fyrsta samveran verður sunnudaginn 27. október kl. 18:30 - 21:30. Hinar samverurnar verða sunnudaginn 3. nóvember og miðvikudaginn 13. nóvember. Fastan hefst 4. nóvember og lýkur 13. nóvember. Föstufólkið fær ríkulegan stuðning en kostnaði er stillt í hóf. Fjöldi þátttakenda verður takmarkaður og því vissara að senda þátttökutilkynningu til s@neskirkja.is í síðasta lagi fyrir föstudaginn 25. október nk. Neskirkja styrkir fólk til heilbrigði.

Nemendur Hagaskóla í norræna skólahlaupinu

Nemendur í Hagaskóla tóku nýlega þátt í norræna skólahlaupinu.

Markmiðið með hlaupinu er að hvetja nemendur til þess að æfa hlaup og auka með því útiveru og hreyfingu og að kynna og skýra nauðsyn þess að hreyfa sig, reyna á líkama sinn og stuðla þannig að betri heilsu og vellíðan.



Stærsti hluti nemendanna þokast eftir Lynghaganum.

Nýr Melavöllur

Samkvæmt hinu nýja fjárlagafrumvarpi er ekki gert ráð fyrir fjárframlögum til Húss íslenskra fræða sem rísa átti við hlið Landsbókasafnsins á Melunum, enda engir fjármunir til í tómun ríkiskassanum. Grunnurinn að byggingunni var tekinn fyrir á þessu ári og vonlegt að margir velti fyrir sér hvað eigi að gera við hann. Mig langar að velta upp þeirri hugmynd að þarna verði komið fyrir nýjum æfingavöllum fyrir Knattspyrnufélag Reykjavíkur, en aðstöðuleysi er mjög farið að hrjá hið fornfræga íþróttafélag Vesturbæinga. Völlur á þessum slóðum gæti gagnast stúdentum á daginn og jafnvel nýst Menntaskólanum í Reykjavík og Kvennaskólanum

við íþróttakennslu.

Jarðvegsframkvæmdirnar á löðinni þurfa því ekki að koma að sök og svæðið gæti gagnast æskulýð Vesturbæjar Reykjavíkur á komandi árum og vel færi á því að æfingasvæði á þessum slóðum bæri nafn Melavallarins gamla.

Björn Jón Bragason
sagnfræðingur



Björn Jón Bragason.



Hrein lífræn næring

- sem gefur hreysti, orku og einbeitingu



Fæst í apótekum, heilsubúðum og öllum helstu stórmörkuðum.

Engin málamiðlun í gæðum – Engin tilbúin efni
Líkaminn tekur upp og nýtir næringuna sem hreina fæðu



græn heilsa
heilsubúð

er stoltur styrktaraðili Íslandsmeistara karla í knattspyrnu 2013

Græn heilsa - Ægisíða 121 - Sími: 551 1717





Fylgst af athygli með dagskránni.

Vesturbæjarfléttan tókst frábærlega

Um 500 starfsmenn leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvar í Vesturbæ voru á starfsdegi 30. september sl. undir yfirskriftinni Vesturbæjarfléttan en þetta er í annað sinn sem starfsdagurinn er sameiginlegur.

Fyrir hádegi unnu starfsmenn að ýmsum verkefnum á starfstöðvum sínum, en eftir hádegi hittust allir í Íþróttahúsi Haga-skóla og hlýddu á fróðleg erindi. Þar fjallaði Ingibjörg Jóhannsdóttir skólastjóri Myndlistaskólans í Reykjavík um leiðir til að

efla skapandi skóla- og frístundastarf og Ólafur Páll Jónsson lektor við HÍ hélt erindi sem hann kallaði Lýðræði; Einmitt það sem ég hef alltaf verið að gera. Dagskráin var að sönnu áhugaverð og virtist höfða til allra enda var almenn ánægja með starfsdaginn og þennan sameiginlegan fagvettvang allra starfsstöðva SFS í Vesturbænum. Ýmsir dagskrárliðir vöktu mikla kátínu, eins og t.d. indíánasagan, sem krafðist þátttöku allra.

Mikill áhugi fyrir uppbyggingaráformum borgarstjórnar

Bæta þurfti við stólum og margir stóðu á kynningarfundi um uppbyggingaráform fyrir-tækja, ríkis og Reykjavíkurborgar sem haldinn var í Ráðhúsi Reykjavíkur með borgarstjóra og formönnum borgarráðs og umhverfis- og skipulagsráðs.

Sýning um uppbyggingu í Reykjavík var opnuð í tengslum við fundinn og hangir hún uppi til 7. október nk. Í kynningum á fundinum var einkum varpað ljósi á þau uppbyggingaráform sem lengst eru komin. Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, upplýsti meðal annars í sinni kynningu að gengið hefði verið frá greiðslum fyrir lóðasölu í Austurhöfn – Hörpureit fyrir 1,8 milljarð króna. Þar er um að ræða viðskipti milli Auro Investment og Situsar. Gera má ráð fyrir að framkvæmdir við fyrirhugaða hótélbyggingu á lóðinni geti hafist um mitt næsta ár og mögulegri opnun nýs hótels um mitt ár 2016. Dagur fór einnig yfir önnur þekkt áform um hótél og gististaði og dró saman að í þáttunum eru hátt í ellefu hundruð gistiherbergi, sem er nálægt þeirri þörf sem talin er vera.

Dagur dró einnig saman áætlanir um íbúðarhúsnæði. Hann sagði ánægjulegt að það stefndi



Björn Blöndal aðstoðarmaður borgarstjóra og Páll Hjaltason formaður umhverfis- og skipulagsráðs

í að mætt yrði þeirri þörf sem er fyrir íbúðir en í ár og á því næsta er búist við að um 900 nýjar íbúðir verði teknar í notkun. Reykjavíkurborg legði áherslu á góða samvinnu um öflug uppbyggingaráform. Hann fór í kynningu sinni yfir fyrirbyggjandi upplýsingar um íbúðarhúsnæði en framkvæmdir eru ýmist hafnar eða að hefjast á fjölmörgum stöðum, auk margra verkefna sem eru í deiliskipulags-

ferli. Páll Hjaltason formaður umhverfis- og skipulagsráðs fór yfir áherslur í aðalskipulagi og það ferli sem í gangi er. Mikilvægt er fyrir uppbyggingu að hafa viðtæka sátt um aðalskipulag. Hrólfur Jónsson sagði frá hinni nýju skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, en hún hefur staðið að upplýsingaöflun og uppsetningu sýningarinnar sem nú hangir upp í Ráðhúsinu.



Bleika slaufan

GULAR MELÓNUR



50 % AFSLÁTTUR

139

KR/KG

ÁÐUR 278 KR/KG

Mjódd | Grandi | Salavegur | Hverafold | Grandi | Akureyri Höfn | Grindavík | Reykjanesbær | Borgarnes | Egilsstaðir | Selfoss

nettó

REYKJAVÍKURBORG



Er leiðin greið?

Garðeigendur eru hvattir til að klippa trjágróður sem vex út fyrir lóðarmörk, yfir gangstéttir og stíga.

Höfum í huga:

- ☐ Umferðarmerki séu sýnileg,
- ☐ gróður byrgi ekki götulýsingu,
- ☐ gangandi og hjólandi eigi greiða leið um stíga
- ☐ og þar sem vélsópar og snjóruðningstæki fara um má gróður yfir stígum ekki vera lægri en 2,8 metrar.

Tökum höndum saman – og hugsum út fyrir garðinn, klippum trén svo að leiðin sé greið allt árið!



Reykjavíkurborg | Þjónustuver 411 1111 | www.reykjavik.is



Stólpur

Hrólfsskálamelur 10-18



Svona á lífið að vera

Þægindi og öryggi eru lykilorðin í hönnun íbúðanna á Hrólfsskálamel. Þú finnur það allt frá því að þú leggur bílnum í rúmgott bílastæði í björtum og hljújum bílajakallara og þar til þú sest með kaffibollann á rúmgóðum svölum.

Íbúðunum verður best lýst sem einbýli í fjölbýli. Fáar, vel skipulagðar íbúðir í hverjum stigagangi og fáir um hverja lyftu. Að innan skarta íbúðirnar mikilli lofthæð og gólfsíðum gluggum. Útsýnið er einstakt, yfir Reykjanesið um suðurgluggana og Faxaflóann með fjallgörðum sínum til norðurs.

Öll þjónusta og verslun er í göngufæri og eitt fegursta útivistarsvæði landsins innan seilingar.



Gróttu er einstakur staður og ómetanlegt að í jaðri borgarinnar sé hægt að njóta slíkrar náttúruferðar og kyrrðar. Gönguferðir, hlaup eða hjólatúrar með viðkomu við Gróttu og jafnvel sjósundi eru nærandi fyrir líkama og sál. Í göngufjarlægð frá Hrólfsskálamel er Sundlaug Seltjarnarness og líkamsræktarstöð World Class.

Þar er hægt að taka vel á því eða láta þreytuna líða úr sér í góðum félagsskap. Í næsta nágrenni eru matvöruverslanir, vínbúð, bókasafn, heilsugæsla og grunn- og leikskólar. Miðbær Reykjavíkur er aðeins í nokkurra mínútna akstursfjarlægð.

Yst á Seltjarnarnesi er einn fegursti golfvöllur landsins þótt víðar væri leitað. Aðstaða og umhverfi er til fyrirmyndar og ekki skemmir fyrir að golfvöllurinn er fimm mínútna bíltúr frá Hrólfsskálamel. Svona á lífið að vera.



Nánari upplýsingar veitir
Ólafur Finnbogason, Sölufulltrúi
olafur@miklaborg.is sími: : 822 2307

F A S T E I G N A S A L A N

MIKLABORG

www.miklaborg.is

Við erum við símann

569 7000

Síðumúla 13 108 Reykjavík
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar



Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali

MIKLABORG

- með þér alla leið -

569 7000

Tapas-barinn 13 ára:



Bento Costa Guerreiro (í miðju) ásamt frábæru starfsfólki sínu heldur hátíðlegt 13 ára afmæli Tapas-barsins núna í október.

Og þér er boðið í veislu

Öll vitum við að veitingastaðir eru misvel sóttir, nýir birtast og aðrir hverfa af sjónarsviðinu. Svo eru aðrir sem lifa við góðan orðstír svo árum og áratugum skiptir. Það er ekki að ástæðulausu að Tapas-barinn heldur nú uppá 13 ára afmæli sitt um þessar mundir. Tapas-barinn er einn vinsælasti veitingastaður borgarinnar. Þar kemur margt til. Notalegt andrúmsloft, frábær matur, verði stíllt í hóf og frábær þjónusta.

Sjálf afmælisveislan er haldinn 21. og 22. október, með sérstökum tilboðsverðum þar sem 10 vinsælustu tapasréttirnir eru aðeins á kr. 590.- hver réttur, Spænskt Cava glas á 490 kr., Peroni bjórinn á kr. 590.- og léttvínsglas-ið á kr. 690.- Svo fá allir sneið af hinni margrómuðu og ljúffengu súkkulaðitertu Tapas í eftirrétt.

Í fyrra á 12 ára afmælinu komu um 2000 gestir á meðan hátíðin stóð. Að vanda heldur Tapas-barinn uppá afmælið á veglegan hátt

með frábæru happdrætti fyrir alla þá sem koma í heimsókn fram að og yfir afmælisdagana. Til að taka þátt í happdrættinu er nóg að líta við og fylla út happdrættismiða á staðnum. Ekki er nauðsynlegt að fá sér að borða.

Vinningarnir eru sérstaklega veglegir eins og síðustu ár. Fyrsti vinningur er Draumaferð í eina viku fyrir tvo til Tenerife þar sem allt er innifalið. Verðmæti ferðarinnar er um 400.000.- krónur. Annar vinningur er 1 stk. iPad2 og síðan fjöldi góðra og skemmtilegra vinninga svo sem námskeið í salsa-dönsum, út að borða og nokkrir heilir kassar af eðalvínunum.

Það má enginn láta 13 ára afmæli Tapas-barsins framhjá sér fara. Bara mæta. Fylla út happdrættismiða og hver veit nema heppnin sé á næsta leiti?

Við óskum Tapas til hamingju með 13 ára afmælið og hvetjum lesendur til að heimsækja Tapas-barinn og taka þátt í hátíðinni sem stendur til 22. október.

Heilbrigt samfélag, forvarnir til framtíðar

Í DAGSINS ÖNN

- birtingarmyndir ofbeldis í daglegu starfi og umhverfi

Í daglegu lífi. Markmiðið er að auka vitund innan hverfis um ýmsar myndir ofbeldis í samfélaginu, einkennum þess og afleiðingum, og hvað við sem starfsmenn eða íbúar í hverfi getum gert til að stemma stigu við því. Með þessari aðgerðaráætlun í Vesturbæ er ætlunin að auka þekkingu og reynsla af ofbeldi og afleiðingum þess sem vonandi mun fæða af sér enn markvissari forvarnir og betri þjónustu við brotþola. Reglulega erum við minnt á tilvist ofbeldis í fjölmiðlum. Oft tengist það hegðun fólks sem er ölvað eða undir áhrifum vímuefna. Sjaldnar er fjallað um hvernig kúgun, þvingun og harðræði getur viðgengist í daglegu lífi okkar, - í starfi og einkalífi, á heimili og vinnustað, í skólum, öldurnar- og sjúkrastofnunum.

Með dagskránni vill Vesturgarður efla umræðu og vitund um þau mörk í samskiptum fólks í einkalífi og starfi sem eru milli afskiptaleyis og umburðalyndis; ábyrgðar og meðvirkni; ögunar og harðræðis; þjálfunar og þvingunar. Efnt er til vitundarvakningar í þeirri vissu að opin umfjöllun og almenn þekking

sé besta leiðin til að efla jákvæð samskipti, árangursríkt uppeldi og ábyrga starfshætti. Fyrirbyggjandi aðgerðir gegn ofbeldi geta beinst að börnum og ungmennum, að fullorðnum, að mögulegum gerendum og /eða að samfélaginu í heild sinni. Í Vesturbæ verður dagskráin þríþætt - helguð börnum, fullorðnu fólki og öldruðum - og verður hverjum þætti gerð skil í fyrirlestrum og umræðum:

- 10. október kl. 13 – 16. Dagskrá tengd börnum og öryggi barna
- 7. nóvember kl. 13 – 16. Dagskrá tengd heimilisofbeldi
- 23. janúar kl. 13 – 16. Dagskrá tengd öldruðum

Í lokin verður efnt til málþings um forvarnir gegn ofbeldi. Markhópur dagskrárinnar er starfsfólk félaga, stofnana og hagsmunasamtaka sem starfa í félags-, velferðar- og heilbrigðisþjónustu í Vesturbæ. Dagskráin fer fram í Vesturgarði þar sem einnig er hægt að fá frekari upplýsingar í síma 411-1700. Sjá einnig heimasíðu Vesturgarðs: <http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-1461>

ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ VESTURBAJAR - Í HÉNU HVERFI

Hjarðarhaga 45-47, 107 Reykjavík
Sími 411 1700
Opin alla virka daga frá kl. 8.30 til 16.15

Til hamingju KR-ingar

Við óskum KR-ingum til hamingju með Íslandsmeistaratitilinn í knattspyrnu karla árið 2013. Landsbankinn kappkostar að styðja við bakið á íslensku íþróttalífi og er stoltur bakhjarl knattspyrnudeildar KR.

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



Pinn bátur pín heilsa

21
gramm
af fitu
220 kcal*



Kalkúnabringa



* Miðað við staðlaða 6" báta í heilhveitibrauði, með fersku grænmeti án sósu og osts.
© 2013 Doctor's Associates Inc. SUBWAY® er skráð vörumerki af Doctor's Associates Inc.

NÝ SENDING AF JÓGAVÖRUM!

SYSTRASAMLAGIÐ

VERSLUN OG KAFFIHÚS...



...með gæða lífrænt kaffi og te, heilsudrykki, slikkerí, croissant, þeytinga, chiagraut, ásamt vítamínum, snyrtivörum, ilmvötnum, jógafatnaði, jógadýnum og fylgihlutum sem og öðrum árstíðarbundnum vörum.

Afgreiðslutími:	Virkir dagar	8 - 18
	Laugardagar	10 - 16

SAMFLOT í Sundlaug Seltjarnarness alla mánudaga kl. 20.00

Suðurströnd 10, Seltjarnarnesi

Fyrir neðan sundlaugin og World Class.

Sími : 511 6367 www.facebook.com/Systrasamlagid

Fiskisúpa

Humarsúpa

Iceland's Finest humar- og fiskisúpan eru framleiddar úr besta fánlega hráefni. Einstaklega ljúffengar, bragðgóðar og tilbúnar til upphitunar. Fljótlegt og þægilegt.

FRYSTIVARA

FÆST Í NÆSTU VERSLUN

Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

rafmagn@mi.is

Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

Gáfu Þjóðminjasafninu beinagrind

Í september fóru fimm börn af leikskólanum Sæborg í Þjóðminjasafnið en þau höfðu í fyrra rannsakað beinagrindur eftir heimsókn í safnið. Í framhaldi unnu þau saman listaverk af beinagrind í gróf. Tilgangur ferðarinnar var að gefa safninu listaverkið sem kallast Kona.

Börnin sögðu ýmislegt þegar listaverkið var afhent og sagði Þórdís Svava: „Gjörðu svo vel. Þú mátt eiga beinagrindina, elsku besta Þjóðminjasafn.“ Starfsfólk Þjóðminjasafnsins gaf svo leikskólanum samstæðuspil með myndum af safninu. Ætlunin er að listaverkið Kona verði í fyrstu í anddyri safnsins en fari síðar á svæðið sem er sérstaklega ætlað börnum.

Sæborg 20 ára

Leikskólinn Sæborg hélt upp á tvítugsafmæli sitt 27. september sl. Af því tilefni var boðið til veislu þar sem börnin sungu og einnig var frumflutt ljóð um leikskólann á þessum tímamótum. Þá var boðið upp á myndlistasýn-

ingu í skólanum fyrir gesti og gangandi.

Afmælisdagurinn var einnig útgáfudagur nýrrar námskrár leikskólans og til efnið var jafnframt nýtt til að skipta út merki skólans, úr salamöndru í sporðhákarl. Úti skartaði svo listaverkið hringekjan sínu fegursta með sporðhákarlinn á flugi. Skemmtilegt þróunarverkefni hefur verið í gangi í Sæborg í samstarfi við Daða Guðbjörnsson myndlistarmann. Á afmælinu var gefin út skýrslu um þróunarverkefnið undir fyrirsögninni; Maður malar bara eins og manni sýnist.



Eru tryggingarnar þínar í lagi?



Kristinn Rúnar Kjartansson

kristinnk@vis.is

Sími 560 5155 | GSM 820 0762

Býð faglega tryggingaráðgjöf og tilboð í tryggingar fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki.

Það er mikilvægt að tryggingarnar séu í takt við þarfir þínar eða fyrirtækis þíns hverju sinni.

Hafðu samband og ég fer yfir málin með þér.

VÍS – þar sem tryggingar snúast um fólk

Nýr og spennandi matseðill

Steikur, hamborgarar, samlokur, pítur, pizzur og smáréttir

Komdu við og njóttu ljúffengra veitinga í vinalegu umhverfi á
Hróa Hetti, Hringbraut 119

Við sendum einnig heim ljúffengan mat af grillinu

30

tommu

RISAPIZZA

í barnaafmælið
-slær alltaf í gegn!

HRÓI HÖTTUR • HRINGBRAUT 119 • SÍMI 55 44 444

Orkumótið í körfubolta:

Yngstu aldursflokkarnir kepptu um síðustu helgi í KR-heimilinu

Það var fjölmenni í KR-heimilinu um síðustu helgi þegar yngstu aldurshóparnir í körfubolta kepptu, og voru þar komin lið víðs vegar að af suðvesturhorninu og frá körfuboltabæjunum á Suðurnesjum, Grindavík og Reykjanesbæ.

Einnig voru mættir til leik framtíðarleikmenn í kröfubolta frá Hveragerði og Þorlákshöfn, og jafnvel víðar. Þarna réði leikgleði fyrst og fremst ríkjum, og ekki verið að dæma á hluti sem enn eru að lærast, eins og of mörg skref, tvígríp og fleira. Það kemur allt með aukinni æfingu og leikþjálfun.



Hressir KR-ingar á Orkumótinu.

Nýtt sundár að hefjast

Almennar sundæfingar hjá sunddeild KR hófust fyrstu vikuna í september. Æfingar munu fara fram í 15 æfingahópum með tæplega 200 sundmönnum, 7 ára og eldri. Jón Oddur Sigurðsson er yfirþjálfari deildarinnar, honum til aðstoðar eru 6 reynslumiklir þjálfarar.

Sunddeildin verður með æfingar í Vesturbæjarlaug, Laugardalslaug, Neslauginni, Sundhöllinni við Barónsstíg og Austurbæjarskóla næsta vetur. Öllum er velkomið að koma og prófa ókeypis æfingar í 2 vikur. Auk sundæfinga býðst þeim sem vilja að taka þátt í sundmótum. Sundskóli KR sem starfræktur hefur verið í 15 ár er fyrir 4-6 ára börn. Skólinn hófst 10. september. Í boði eru 12 og vikna námskeið í Sundhöllinni og Austurbæjarskóla þar sem foreldrum er velkomið að fylgjast með kennslunni. Skriðsundsnámskeið fyrir fullorðna verða einnig



KR-ingar á AMÍ á Akureyri.

í boði í vetur. Upplýsingar um æfingahópa má finna á www.kr.is/sund. Skráning fer fram hjá sund@kr.is

Stigamót KR í borðtennis var spennandi

Magnús K. Magnússon úr Víkingi og Sigrún Ebba Tómasdóttir úr KR sigruðu fyrir skömmu í meistarafllokki karla og kvenna á stigamóti KR sem fram fór í íþróttahúsi Hagaskóla.

Magnús lagði Gunnar Snorra Ragnarsson úr KR 3-0 í úrslitaleik en Sigrún vann Kolfinnu Bergþóru Bjarnadóttur úr HK 3-1 í kvennaflokki. Sigrún sigraði líka í 1. flokki kvenna. Í 1. flokki karla varð Breki Þórðarson úr KR sigurvegari. Í 2. flokki karla vann Adrian Héðinsson Gonzales úr HK og í 2. flkki kven-

na Ársól Arnardóttir úr KR. Á unglingamóti KR 28. september sigruðu þessi:

- Strákar 12 ára og yngri: Ísak Indriði Unnarsson, Víkingi
- Stelpur 12 ára og yngri: Sveina Rósa Sigurðar dóttir, KR
- Strákar 13-15 ára: Kári Ármannsson, KR
- Stelpur 13-15 ára: Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttur, HK
- Drengir 16-18 ára: Breki Þórðarson, KR



Verðlaunahafar á stigamóti KR



KR-SÍÐAN



Íslandsmótið í handbolta, 1. deild:

Sigur og tap í tveimur fyrstu leikjum KR í meistaraflokki



KR-liðið fyrir fyrsta leikinn í meistaraflokki karla í 16 ár.

Meistaraflokkur KR í handbolta lék fyrir nokkru sinn fyrsta leik í handbolta, eða síðan leiktímabilið 1996-1997.

Leikið var gegn Stjörnunni í KR-heimilinu, en gestirnir unnu

leikinn 23:17. Síðan vara leikið í Laugardalshöllinni gegn Þrótti, og þann leik vann KR 29:23. Það er fagnaðarefni að aftur skuli vera leikinn handbolta í meistaraflokki í KR-treyjunni.

Starfsemi skíðadeildar KR að hefjast

Skíðadeild KR stendur fyrir metnaðarfullu æfinga- og félagsstarfi á næstunni fyrir börn og unglinga. Deildin heldur úti æfingum á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins í samstarfi við skíðadeild Breiðabliks.

Æft er í fjórum aldursflokkum, 4 – 5 sinnum í miðri viku

og um helgar. Flokkarnir eru 8 ára og yngri; 9 – 12 ára; 13 – 15 ára og 16 ára og eldri. Öllum er frjálst að mæta og prófa, það kostar ekkert! Allar upplýsingar er að finna á heimasíðu deildarinnar, www.kr.is/skidi eða hjá formanni skíðadeildar KR, Önnu Laufeyju Sigurðardóttur., annals@simnet.is



www.kr.is



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud og Miðvikud.
12:00 til 15:00

Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30

Föstudaga
13:00 til 19:30

Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00



GETRAUNANÚMER
KR ER 107



GRÍSAHRYGGUR 1/2
MEÐ PURU - FERSKUR

896

-31%

ÁÐUR 1.298 KR/KG



netto
Kræsingar & kostakjör

LAMBABÓGSSTEIK
M/SVEPPAMARINERINU

-22%

2.277

ÁÐUR 2.919 KR/KG

GODI

ANANAS
GOLD DEL MONTE

-50%

195

ÁÐUR 389 KR/KG

UNGNAUTABORGARAR
2X120G

-30%

489

ÁÐUR 698 KR/PK

GODI

KJÚKLINGALUNDIR
DANPO - 700G

-25%

1.199

ÁÐUR 1.598 KR/PK

COCA COLA 6PAKK
VENJULEGT/DIET

-20%

398

ÁÐUR 498 KR/PK



PIZZA SNÚÐUR 115G
BAKE OFF

-40%

179

ÁÐUR 298 KR/STK



REESE'S SÚKKULAÐI
MEÐ HNETUSMJÖRI

-29%

99

ÁÐUR 139 KR/STK



Tilboðin gilda 10. - 13. október

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.